<u>Starfsárið 2019-2020</u>

**<u>7. stjórnarfundur Félags íslenskra náttúrufræðinga</u>**
Mánudagurinn 7. október 2019, kl. 11:15 -12:45 að Borgartúni 6

**Fundinn sátu:** Bergrún Arna Óladóttir, Björg Helgadóttir, Einar Hjörleifsson, Guðrún Nína Petersen, Hafdís Sturlaugsdóttir í fundarappi, Haraldur Rafn Ingvason, Margrét Geirsdóttir, Maríanna H. Helgadóttir, Pétur Halldórsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Sverrir Daníel Halldórsson og Una Bjarnadóttir.

**Fundarritari:** Stella Hrönn Jóhannsdóttir

**Dagskrá:**

**Til afgreiðslu:**

1. **Kl. 11:30** Fundargerð síðasta fundar
2. **Kl. 11:35** Nýir félagsmenn (10)
3. **Kl. 11:40** Opnunartími skrifstofu
4. **Kl. 11:50** Húsnæðismál
5. **Kl. 12:10** Af vettvangi BHM
6. **Kl. 12:00** Staða kjarasamninga

**Til kynningar:**

7. **Kl. 12:40** Önnur mál
    a) Tillaga að næsta fundi stjórnar FÍN: 4. nóvember 2019

**Fundargerð (samantekt fyrir vefsíðu félagsins)**

1. Fundargerð frá 9. september samþykkt og fundargerð frá 19. ágúst var undirrituð.
2. Nýir félagsmenn. Samþykktir voru 10 aðilar með fulla aðild.
3. Breytingar á opnunartíma skrifstofu. Samþykkt var að skrifstofa FÍN yrði opin frá 15:00 - 16:00 frá og með mánudegi til og með fimmtudags. Lokað á föstudögum. Öllum tölvupóstum sem berast á netfangið fin@bhm.is er svarað innan 48 klst. Opnunartími skrifstofu endurskoðaður í janúar 2020.
4. Húsnæðismál. Samþykkt að kaupa viðbótarskrifstofurými af Húsfélagi BHM stækkun úr tæpl. 60 fm í ca 90 fm.
5. Af vettvangi BHM. Ræddur var fundur sem stjórnmálaflokkur óskaði eftir og var samdóma álit stjórnar að eðlilegt væri að hitta fleiri stjórnmálaflokka. Fyrir liggur að vinnustaðagreining verður gerð á starfsumhverfi starfsmanna sem starfa á skrifstofu aðildarfélaga BHM og BHM, þ.e. Borgartúni 6.
6. Staða kjarasamninga. Staða samningamála kynnt. Ekkert að gerast í samningaviðræðum. Enginn fundur hefur verið haldinn hjá Reykjavíkurborg né Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Viðræðuáætlanir við ríkið og Reykjavíkurborg runnu út 15. september sl. málin rædd.
7. Önnur mál
    a. Gjaldkeri FÍN sagði frá því að starfshópur um lækkun félagsgjalda hefði starfað frá því í sumar og kynningarfundur yrði haldinn í október.
    b. Næsti fundur áætlaður 4. nóvember 2019.

Fundi slitið 12:58